

Nr. 51/1901: Guðmundur Jónsson  
 gegn  
 Einari Vigfússyni.

D ó m u r:

Hinn 1. maí 1900 gekk hinn stefndi Einar Vigfússon í þjónustu hjá áfrýjanda, Guðmundi kaupmanni Jónssyni á Búðum í Fáskrúðsfirði, sem bakari, enda hafði bann og unnið hjá honum við og við að sömu störfum veturinn áður. Var það til-ætlunin, að stefndi yrði fastur ársmaður hjá áfrýjanda frá 1. maí 1900 til sama tíma 1901, og hafði áfrýjandi boðið honum 450 kr. í árskaup og ókeypis húsnæði, og flutti stefndi í hús það, er honum var ætlað, 3. maí. En nokkrum dögum síðar (7. maí) vísaði áfrýjandinn stefnda í burtu og kvaðst eigi geta notað hann lengur. Höfðaði stefndi þá mál þetta fyrir vistarhof og krafðist þess, að áfrýjandi væri dæmdur til að greiða sér í skadabætur hið umsamda árskaup 450 kr. og 60 kr. sem uppbót fyrir ókeypis húsnæði, svo og málskostnað. Var mál þetta dæmt í lögreglurétti Sudur-Múlasýslu 2. okt. 1900 með þeim úrslitum, að kröfur stefnda um árskaup og uppbót fyrir ókeypis húsnæði voru teknar til greina og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum í málskostnað 25 kr.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn, að fengnu leyfi til uppreistar, dags. 6. des. f. á., skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 6. des. f. á., og hefir þess verið krafist af hans hendi, að áfrýjandi

verði, með eða án undangengins synjunarelds af hans hálfu, sýknaður af kærnum og kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hinu stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að lögregluréttardómurinn verði staðfestur, að áfrýjandi verði sektaður fyrir að hafa eigi mætt á sáttafundi í málinu, og að hann verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Það skal þegar tekið fram, að mál þetta snertir eigi venjuleg vistarráð milli húsbænda og hjúa, þar sem spurningin er um ráðning stefnda sem handverksmanns til ákveðins starfa, sem að iðnaði hans lýtur, og stefndi átti að hafa heimili út af fyrir sig, en eigi vera heimilismaður áfrýjanda eða á fæði hjá honum. Það var því eigi heimild til þess að höfða mál þetta fyrir lögreglurétti samkvæmt hjúatilskipuninni 26. jan. 1866, 34. gr. En þar sem málinu hefir verið stefnt fyrir sáttanefnd á venjulegan hátt og að öðru leyti með það farið sem alment einkamál, þykir eigi þurfa að ónýta málið fyrir þessa sök.

Ems og áður hefir verið tekið fram, tók stefndi til starfa hjá áfrýjanda 1. maí 1900 við braudgjörðarhús hans, eftir að hann hafði við og við unnið þar veturinn áður, og heldur stefndi því fram, að hann hafi þá verið fullráðinn hjá áfrýjanda sem ársmaður við þetta starf til 1. maí 1901, enda hafi og flutt um það leyti í hús það, er honum var ætlað sem bakara og áfrýjandi átti. En nokkrum dögum síðar, 7. maí, kveður hann á



frýjanda að ástæðulausu hafa rekið sig í burtu frá starfinu. Álltur stefndi sig því fyrir samningsrof af hendi áfrýjanda eiga heimting á árskaupi því, er um var samið, 450 kr., og uppbót fyrir húsnæðið, sem hann varð að yfirgefa nokkru síðar, 60 krónur.

Áfrýjandi hefir neitað því, að nokkur samningur hafi verið á kominn milli hans og stefnda, en hann kveðst að eins hafa boðið stefnda þjónustu hjá sér sem bakari fyrir umgetna árþóknun 450 kr. og með ókeypis húsnæði, en þannig, að þeir skyldu gjöra með sér skriflegan samning þaradlútandi, því að hann áleit nauðsynlegt, fyrir kynni þau er hann hafði af stefnda, að binda hann með rækilegum og skýrum samningsákvæðum, áður en hann réði hann hjá sér til fulls. Það kemur heim við þessa skýrslu áfrýjanda, að það er viðurkennt í málinu, að áfrýjandi hafi verið búinn að fá mann til að búa til vistarsamning milli hans og stefnda, þótt ekki yrði af samningsgjörðinni vegna þess að burtvísunin kom þá í milli. En þó að samningar samkvæmt þessu hafi eigi verið fullgjörðir að öllu leyti milli stefnda og áfrýjanda, þá virðist þó margt benda til þess, að þeir hafi verið búnir að binda fastmælum með sér adalatriðin um ráðninguna, svo að áfrýjandi hafi eigi haft rétt til þess ófyrirsynju að vísa stefnda burt. Það er þannig viðurkennt af áfrýjanda, að hann hafi boðið stefnda umrædda þjónustu hjá sér frá 1. maí 1900 til 1. maí 1901 fyrir 450 kr. árskaup og með ókeypis húsnæði, og stefndi var tekinn til starfa

hjá áfrýjanda á umsömdum tíma 1. maí 1900 og seztur að í húsnæði því, er þjónustunni fylgdi, og það er svarið af einu vitni, að áfrýjandi hafi sagt því, að stefndi væri vistaður hjá sér yfir umgetið tímabil og með nefndum kjörum. Áfrýjandi hefir reyndar mótmælt skýrslu þessa vitnis sem rangri, en með henni í sambandi við önnur atvik, þau er lýst hefir verið, virðast svo miklar líkur fram komnar fyrir því, að stefndi hafi verið ráðinn ársmaður hjá áfrýjanda með þeim kjörum, sem greind hafa verið, þó að til staði að ákveða nánar skilmálana þeirra í milli með skriflegum samningi, að það þykir rétt, að láta úrslit málsins vera komin undir synjunareyði áfrýjanda, þannig, að ef áfrýjandi synjar fyrir það með eidi, að hann hafi ráðið stefnda ársmann til sín frá 1. maí 1900 til 1. maí 1901 fyrir 450 kr. kaup og með ókeypis húsnæði, þá skal hann sýkn vera af kröfu stefnda um skadabætur fyrir vistarrof; en vinni hann eigi svofeldan eidd, skal hann greiða stefnda fyrir samningsrot umsamið kaup 450 kr. og 60 kr. í uppbót fyrir ókeypis húsnæði, og í málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr. Með því að áfrýjandi mætti eigi fyrir sáttanefnd í málinu, þótt hann væri löglega tilkallaður, ber honum samkvæmt tilsk. 20. jan. 1797, 26. gr., að greiða stefnda í málskostnað í héraði 25 kr. og í sekt til landssjóðs samkvæmt tilsk. 11. ág. 1819 (sbr. tilsk. 24. jan. 1838, 3. gr.) 4 kr.



Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandi Guðmundur kaupmaður Jónson á Búðum í Fáskrúðsfirði eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu synjar fyrir það með eidi, að hann hafi ráðið stefnda Einar Vigfússon bakara samastadar ársmann til sín frá 1. maí 1900 til 1. maí 1901 fyrir 450 króna kaup og með ókeypiss húsnæði, þá skal hann vera sýkn af kærum og kröfum stefnda í máli þessu, og fellur þá málskostnaður fyrir yfirdómi niður. En vinni áfrýjandi eigi svofeldan eið, greiði hann stefnda fyrir samningsrof 510 krónur og í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur. Áfrýjandi greiði stefnda, hvernig sem málalok verða, málskostnað í héraði með 25 krónum og í sekt til lands-sjóds 4 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. septembermánaðar.

Nr. 23/1902:

Helgi Eiríksson

gegn

prófasti Jóhanni L. Sveinbjarnarsyni.

D ó m u r:

Mál þetta kom fyrir yfirdóminum samkvæmt stefnunni 1. þ. m. og mætti þá í yfirdóminum